

Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Fimmtudagur 23. febrúar kl. 17:00 – 18:30

Mætt

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson varaformaður, Ingirafn Steinarsson aðalmaður, Tinna Guðmundsdóttur varamaður, Jónína Brynjólfsdóttir safnstjóri.

Vantar

Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir safnstjóri

Dagskrá

Dagskrá

1. Angró- staða mála

- a. Safnið fékk úthlutað þrem lóðum hjá Múlaþingi og tók afstöðu til beiðnar safnsins um afslátt af lóðum, bókun umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings var eftirfarandi:
Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að Tækniminjasafni Austurlands verði úthlutað þremur lóðum við Lónsleiru 13, 15 og 17. Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir jafnframt að veita 80% afslátt af gatnagerðargjöldum lóðanna á þeirri forsendu að safnið missti húsnæði sitt í skriðuföllum árið 2020 og er óheimilt að endurbyggja á núverandi lóðum.
- b. Verið er að undirbúa startfund með arkitektum og Verkráð á næstu vikum í hönnun með það að marki að stilla upp verkþáttum og tímalínu verksins.

2. Fjárhagsáætlun ársins

- a. Verkefni ársins eru margvísleg og hefur safnið fengið eftirfarandi styrki
 - i. Frá fjárlaganefnd með samning við Menningarmálaráðuneytið 15. milljónir til reksturs fyrir árið 2023.
 - ii. Frá Múlaþingi með samningi, 10. milljónir til reksturs fyrir árið 2023.
 - iii. Frá Safnaráði
 1. 5. Milljónir í öndvegisstyrk vegna björgun muna og skráningu gripa
 2. Búðareyrin - saga umbreytinga 2.000.000 kr.
 3. Frumhönnun grunnsýningar Tækniminjasafns í endurreistu Angró 1.000.000 kr.
 4. Forvarsla kafarabúnings 800.000 kr.
 5. Ferðastyrkur vegna Farskóla 300.000 kr. og styrkur í rafræna miðlun 300.000 kr.
 - iv. Uppbyggingarsjóður hefur úthlutað safninu eftirfarandi styrki
 1. Gerð viðskiptaáætlunar 750.000 kr.
 2. Búðareyrin - saga umbreytinga 1.900.000 kr.
 - v. Hvatásjóður Seyðisfjarðar hefur úthlutað safninu eftirfarandi styrki
 1. Markaðssetning til skemmtiferðaskipa 1.000.000 kr.



2. Standsetning varðveisluhúsnæðis 2.000.000 kr.
 - vi. Í ýmis önnur verkefni
 1. Frá Múlaþingi 250. þúsund vegna Lukkuhjóls í sýningu í Vélsmiðju.
 - vii. Verkefni sem færðust á milli ára er hönnun safnasvæðis en það fengust 19 milljónir frá Framkvæmdasjóð ferðamannastað og 3 milljónir frá Hvatásjóð Seyðisfjarðar. Af þeim 22 milljónum færast um 18 á milli ára.
 - viii. Ekki hefur verið úthlutað úr húsfriðunarsjóði en þar var sótt um í utanhúss viðgerðir á Vélsmiðjunni.
 - b. Fyrir liggja drög að fjárhagsáætlun miðað við núverandi forsendur en beðið er svara frá Múlaþingi er varðar Angró, bæði hvort safnið fái húsið og ekki síst hvaða fjármunir gætu fylgt til safnsins til endurbyggingar þess við Lónsleiru.
3. Rætt um stöðu verkefna og stöðu safnstjóra en samkomulag við JB og EHPS rann út í byrjun febrúar. Stjórn samþykkir óbreytt fyrirkomulag fram á haust og skal það endurmetið í október.
 4. Sýning í Vélsmiðjunni – umræðu frestað til næsta fundar sem verður staðfundur
 5. Varðveisluhúsnæði og flutningur muna
 - a. Farið yfir stöðuna á standsetningu húsnæðisins að Strönd og áætlanir um flutning muna.
 6. Næsti fundur
 - a. Samþykkt að næsti stjórnarfundur verið staðfundur til að skoða framgang framkvæmda og kynna drög að sýningu í Vélsmiðjunni fyrir stjórn.